

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf. Gileyri, Tálknafirði



Dags eftirlits	31.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Miðtún 13	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlitið og engar athugasemdir gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða seiðaeldi á landi á Gileyri í Tálknafirði. Starfsleyfi tekur til 200 tonna af bleikju- og laxeldi.

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang
- Frárennsli, hreinsun og mælingar
- Staðsetning eldissvæða, stöðvarskírteini og færsla kvíastæða
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Beiting stjórnvaldssekta
- Útreikningar á losun frárennsli í fiskeldi

Þrjú frávik og fimm ábendingar voru gerðar í síðasta eftirliti. Hvað varðar frávikin þá snérist þau um geymslu efna, búið er að koma öllum efnum fyrir í efnaskáp með lekavörnum. Frávikinu hefur því verið lokað. Annað frávik snérist um að maurusýrutankur stóð opinn úti. Búið er að kom tankinum fyrir í viðunandi geymslu og hefur frávikinu því verið lokað. Þriðja frávikinu snéri að óvörðum olúgeymum, búið er að skipta olúgeymunum út fyrir nýjan olúgeymi með tvöföldu byrði og samkvæmt rekstraraðila er hann staðsettur utan akstursleiða.

Áhættumat var kynnt, til ákvörðunar á tíðni eftirlits fyrir árið 2023.

Framleiðsla ársins 2021 var 58.974 kg sem er innan marka starfsleyfis.

Í síðasta eftirliti sáust æðarfugl og fýll við útrás sem gaf til kynna að hreinsun frárennsli væri ekki viðunandi. Ekki bar á fugli eða gruggi í frárennsli við eftirlitið að þessu sinni sem bendir til þess að hreinsun sé viðunandi.

Efni og lyf voru geymd í læstri hirslu með lekabyttu, 106 lítrar af formalíni, 156 lítrar af bóluefni og svæfingaeefnið Finque var notað í Gileyri árið 2021. Öryggisblöð voru á áberandi stað við efnageymslu.

Heimild til beitingar stjórnvaldssektar var kynnt fyrir rekstraraðila.

Umgengni á lóð var í lagi en framkvæmdir hafa verið við stöðina, eitthvað af byggingarefni var á lóðinni en snyrtilegt.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.08.2023

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir